



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 13. nóvember 2024 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 2. og 3. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau verkefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

2. Fjárhagsáætlun 2025-2027 – fyrri umræða

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnanna vegna 2024. Sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála fóru yfir áætlunina og gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum. Sveitarstjórn samþykkti að vísa framlagðri áætlun til síðari umræðu.

3. Rekstraryfirlit jan-sept 2024 og framkvæmdayfirlit jan-okt 2024

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna jan-sept 2024 og framkvæmdayfirlit vegna jan-okt 2024 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

4. Menntastefna Sveitarfélagsins Skagastrandar

Fyrir fundinum lá Menntastefna Sveitarfélagsins Skagastrandar sem samþykkt var á fundi fræðslunefndar þann 3. október 2024. Sveitarstjórn samþykkti stefnuna eins og hún var lögð fyrir og fól sveitarstjóra að birta hana.

5. Eignaskiptayfirlýsing Túnbraut 1-3

Fyrir fundinum lá eignaskiptayfirlýsing vegna Túnbrautar 1-3 í tengslum við sölu á efstu hæð hússins. Sveitarstjórn samþykkti eignaskiptayfirlýsinguna eins og hún var lögð fyrir og fól sveitarstjóra að senda hana til byggingafulltrúa til afgreiðslu og þinglýsingar.



6. Bréf

a. Kjartan Þór Ragnarsson dags. 23. október 2024

Efni: Minnisblað um skeldýrarækt

Fyrir fundinum lá minnisblað um endurreisn kræklingaræktar á Íslandi sem sent var til fjárlaganefndar. Var minnisblaðið lagt fram til kynningar.

b. Skógræktarfélag Íslands dags. 25. október 2024

Efni: Ályktun – Vörsluskylda búfjár

Með erindinu er send ályktun frá aðalfundi Skógræktarfélags Íslands þar sem félagið hvetur ríki og sveitarfélög til þess að fylgja eftir vörsluskyldu búfjár. Var ályktunin lögð fram til kynningar.

c. EBÍ dags. 25. október 2024

Efni: Ágóðahlutagreiðsla

Með erindinu er tilkynnt um ágóðahlutagreiðslu frá EBÍ vegna 2024. Hlutur Skagastrandar er kr. 365.000.

d. Skipulagsgátt dags. 28. október 2024

Efni: Aðalskipulag Húnabyggðar – umsagnarbeiðni

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni vegna breytinga á Aðalskipulagi Húnabyggðar. Sveitarstjórn sér ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir á þessu stigi. Var erindið lagt fram til kynningar.

e. Stígamót dags. 30. október 2024

Efni: Beiðni um fjárstuðning

Með erindinu er óskað eftir styrkbeiðni vegna reksturs Stígamóta 2025. Sveitarstjórn ræddi fram komna beiðni en getur ekki orðið við beiðninni að sinni.

f. Svæðisfélög á Norðurlandi vestra í KÍ dags. 4. nóvember 2024

Efni: Áskorun til sveitarfélaga

Með erindinu er send áskorun til sveitarstjórna á Norðurlandi vestra að vanda orðræðu sína um kennara og skólastarf, jafnt á opinberum vettvangi sem annars staðar. Var áskorunin lögð fram til kynningar.



g. Sveitarfélagið Skagafjörður dags. 5. nóvember 2024

Efni: Breytingar á reglum Barnaverndarþjónustu Mið - Norðurlands um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmanskostnaðar sbr. 47.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Lögð er fram breyting á reglum Barnaverndarþjónustu Mið - Norðurlands um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmanskostnaðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Voru breytingarnar lagðar fram, samþykktar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum og vísað til sveitarstjórnar Skagafjarðar til fullnaðarafgreiðslu.

7. Fundargerðir:

a. Aðalfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 9. október 2024

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 23. október 2024

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 22. og 29. október 2024

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 25. okt og 4. nóv 2024

Fundargerð lögð fram til kynningar.

e. Fundargerð Fagráðs í málefnum fatlaðs fólks dags. 29. október 2024

Til afgreiðslu: Reglur Skagafjarðar um dagþjónustu, hæfingu og aðstoð vegna atvinnu fyrir fatlað fólk.

Sveitarstjórn bar reglurnar upp til afgreiðslu og samþykkti samhljóða með 5 greiddum atkvæðum. Var reglunum vísað áfram til fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar Skagafjarðar.

f. Félags- og skólþjónustu A-Hún dags. 29. október 2024

Fundargerð lögð fram til kynningar.

g. Stjórnar SSNV dags. 5. nóvember 2024

Fundargerð lögð fram til kynningar.

8. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:37

